



LAUGATUNGA Í ÞINGEYJARSVEIT

FORNLEIFASKRÁNING VEGNA SKÓGRÆKTAR



Byggðasafn
Skagfirðinga

ÁSTA HERMANSDÓTTIR OG YLFA LEIFSDÓTTIR
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
2024/289

Höfundar: Ásta Hermannsdóttir og Ylfa Leifsdóttir. 2024/289

Mynd á forsíðu: Leið [3220-6] liggur heim að Laugaselí í baksýn.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2024. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	3
AÐFERÐARFRÆÐI.....	4
SAMANTEKT	5
FORNLEIFASKRÁ.....	8
HEIMILDASKRÁ	18

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna fyrirhugaðrar skógræktar í Laugatungu í landi Laugasels í Þingeyjarsveit. Verkið var unnið að beiðni Ríkeyjar Ástu Þorsteinsdóttur hjá Yggdrasill Carbon.

Fornleifar hafa ekki verið skráðar áður á svæðinu. Vettvangsvinna fór fram 22. maí 2024 við þokkalegar aðstæður. Gróður var ekki kominn mikið af stað en einstaka snjóskafl var í dældum. Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur og Ylfa Leifsdóttir fornleifafræðinemi sáu um vettvangsvinnu. Ylfa Leifsdóttir sá um undirbúning og Ásta Hermannsdóttir sá um úrvinnslu og skýrslugerð.

Heimildamenn og landeigendur fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3220



Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna,: „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jöklí, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...].“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætið fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsfyrvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...].“

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit, auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra auk sameiginlegs verkefnanúmer sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer (dæmi: [3220-1]). Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða eins og hægt er, þ.e. híbýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveisittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat er tvennskonar í skýrslunni, annars vegar almennt hættumat, þ.e. vegna ástands minja nú eða aðstæðna í umhverfinu, og hins vegar vegna yfirvofandi framkvæmda. Séu engar upplýsingar um almennt hættumat í fornleifaskrá eru minjarnar ekki metnar í hættu. Hættumat vegna framkvæmda er ekki tekið fram í fornleifaskrá.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Samantekt

Laugasel var selstaða frá Laugum í Reykjadal fram eftir öldum. Í *Jarðabók Árna og Páls segir um Stóru-Laugar*: „Selstöðu með tilliggjandi landi á jörðin á heiðinni framm frá Reykjadal í Laugatúngu, og er það kallað að forngildu X [hundruð] land. Þessa selför ljena jarðeigendur Haganesi við Mývatn fyrir tuttugu álna toll.“ (JÁP: 192). Í manntalinu 1835 eru fyrst skráðir heimilismenn í Laugaseli, og gera má ráð fyrir að bærinn hafi byggst á árabilinu 1816-1835 sé litið til manntalsskráninga (Þjóðskjalasafn Íslands. *Manntöl*). Laugaból (Laugasel) er nefnt í Jarðatali Johnsens, sagt hjáleiga og ekki með uppgefinn jarðadýrleika (J. Johnsen 1847: 330). Síðasti ábúandi á Laugaseli var Aðalheiður Helgadóttir (1926-2000) en hún var fædd og uppalin þar og bjó þar áfram að foreldrum sínum látnum, þeim Margréti Rósu Jóhannsdóttur (1884-1970) og Helga Ásmundssyni (1884-1965). Aðalheiður var skráð til heimilis í Laugaseli til 1. desember 1996, þá orðin sjötug (Ragnar Árnason 2006: 306). Viðtal við Aðalheiði birtist í Morgunblaðinu 1. desember 1985 og virðist húsakostur þá vera orðinn afar bágborinn m.v. lýsingar blaðamanns og Aðalheiður sjálf segir einnig um húsin „Hér er allt orðið svo líið og þreytt [...]\“ . Þá játar hún að hún hafi orðið að koma sér fyrir annars staðar síðustu þrjá vetur þar sem húsið sé svo óþétt og lekt að illa gangi að hita það upp þannig að hægt sé að hafast þar við yfir veturinn. Einig kemur fram að hún sé að leita sér að íbúð á Akureyri, sennilega til að hafa vetursetu í. Snorri Kristjánsson minnist þess að í kringum 1990 hafi baðstofan fallið saman en þá var orðið ófært um bæjargöngin og Aðalheiður hélt til í framhúsinu (munnl. heimild). Líklega hefur Aðalheiður lítið verið í Laugaseli upp frá því.

Ekki fundust á svæðinu aðrar seljaminjar en á Eiríkstóftum og er ljóst að þar hefur bædi verið selstaða og bær sé litið til útlits tóftanna. Ólíklegt er þó að þar hafi verið megin sel Stóru-Lauga þar sem umfang minjanna er ekki mikið. Allar líkur eru á að það sel (sem nefnt er í *Jarðabókinni*) hafi verið þar sem bærinn Laugasel byggðist upp, utan skráningarsvæðisins. Sagnir eru um gamalt býli, Hánefsstaði [3220-12], á svæðinu vestan Arnarhóls en minjar þess fundust ekki þrátt fyrir mikla leit. Tvær leiðir liggja í gegnum svæðið frá norðri til suðurs. Hefur önnur [3220-6] verið leiðin á milli Stafns og Laugasels og hin [3220-5] líklega verið leiðin á milli Laugasels og Eiríkstófta. Báðar leiðirnar eru nokkuð, og sums staðar mjög, greinilegar enn í dag og er næsta víst að fé notar þær enn, og jafnvel það fólk sem um svæðið fer. Á heildina lítið var minjaflóra svæðisins fjölbreytt miðað við að einungis voru skráðar 13 minjar og þar af tvær sem ekki fundust en voru skráðar í fornleifaskrá sem heimildir.

Á svæðinu eru leifar mænuvarnargirðingar frá því um 1942 (munnl. heimild: Snorri Kristjánsson, 22. maí 2024). Girðingin lá þvert yfir svæðið og eru merki um hana nokkuð greinileg þótt girðingin sjálf sé fallin. Þar sem girðingin er ekki orðin 100 ára og fellur þannig ekki undir lög um menningarminjar nr. 80/2012 var hún ekki skráð á vettvangi.

Tafla 1. Minjar sem skráðar voru á vettvangi.

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Ástand	Hættumat
3220-1	Eiríkstóftir	Sel	Tóft	Vel greinanlegar	Engin hætta
3220-2	Eiríkstóftir	Kvíar	Tóft	Vel greinanlegar	Engin hætta
3220-3	Eiríkstóftir	Híbýli	Tóft	Vel greinanlegar	Engin hætta
3220-4	Eiríkstóftir	Fjárhús	Tóft	Vel greinanlegar	Engin hætta
3220-5		Leið	Gata	Greinanlegar	Engin hætta
3220-6		Leið	Gata	Vel greinanlegar	Engin hætta
3220-7	Kolalág	Kolagröf	Heimild	Sést ekki	Engin hætta
3220-8	Guðlaugsstekkur	Stekkur	Heimild	Sést ekki	Engin hætta
3220-9		Óþekkt	Garðlag	Illgreinanlegar	Engin hætta
3220-10		Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	Engin hætta
3220-11		Óþekkt	Hleðsla	Greinanlegar	Engin hætta
3220-12		Bæjarstæði	Heimild	Sést ekki	Engin hætta
3220-13		Kennimark, dys	Hleðsla, náttúrulegt	Greinanlegar	Hætta vegna rofs

Hættumat

Innan skráningarsvæðisins eru einar minjar metnar hættu vegna rofs, hleðsla [3220-13]. Aðrar minjar eru ekki metnar í hættu vegna náttúrulegra eða viðvarandi þátta. Ekki er lagt mat á hættu vegna framkvæmda í þessari skýrslu þar sem verkkaupi hefur þegar tekið tillit til minja í skógræktaráætlun fyrir svæðið. Minjar sem ekki fundust fá ekki hættumat, en hafa skal í huga að þær gætu leynst á svæðinu, sér í lagi á þeim svæðum sem sýnd eru á mynd 14 (bls. 16).


Niðurlag

Ellefur minjar voru skráðar á vettvangi auk þess sem tvær minjar voru skráðar út frá heimildum. Þær fundust ekki þrátt fyrir mikla leit á vettvangi. Samtals eru því 13 minjar skráðar í

fornleifaskrá. Þrjár af minjunum á Eiríkstóftum eru utan skráningarsvæðisins en þar sem minjaheildin er á mörkum skráningarsvæðisins og heildin skiptir máli, en ekki einungis einstaka minjar, voru þær allar skráðar á vettvangi.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Fornleifaskrá



Mynd 1. Yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu. Rauð lína er afmörkun skráningarsvæðisins. Gular línur eru leiðir.



Mynd 2. Yfirlitskort af Eiríkstóftum. Rauða línan er afmörkun skráningarsvæðisins, en minjarnar eru flestar utan þess. Gul lína er leið [3220-5] sem liggur að Eiríkstóftum. Lækurinn Laugagróf sést uppi í vinstra horninu.

Laugasel 3220-1

Sérheiti: Eiríkstóftir

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á kjarri gróinni flöt eða bakka um 50m austur af Laugagróf og um 2,6km norður af Laugaseli eru Eiríkstóftir. Lækur rennur niður hlíðina rétt suðvestur af tóftunum. Mikil sina er á og við tóftirnar. Austast á minjasvæðinu er seltóft á smá upphækkun.

Lýsing

Um ílanga, þrískipta tóft er að

ræða. Hún er um 17m löng og 6m breið að utanmáli og liggur austur-vestur. Breidd veggja er um 0,8-1,5m og veggjahæð um 20-60cm. Austasta hólfið er greinilegt en nokkuð sokkið, miðjuhólfið er greinilegast og dýpst. Vestasta hólfið er greinilegt en innra byrði þess er



Mynd 3. Seltóft [3220-1], horft til norðurs.

ólögulegt. Tóftin er opin bæði til vesturs og austurs og þá er op á milli vestasta hólfsins og miðjuhólfsins. Á tóftinni vex gras, mosi og lyng.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Laugasels segir: „Þá eru Eiríkstóftir, miklar rústir rétt norðaustur af Eiríkstóftasundi, norðast þar sem það liggur að grófinni. Þar bjó einsetumaður, sem Eiríkur hét, og drukknaði hann við veiðiskap í Eiríkspolli undir Eiríksfoss.“ (bls. 2).

Laugasel 3220-2

Sérheiti: Eiríkstóftir

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á kjarri gróinni flöt eða bakka um 50m austur af Laugagróf og um 2,6km norður af Laugaseli eru Eiríkstóftir. Lækur rennur niður hlíðina rétt suðvestur af tóftunum. Mikil sina er á og við tóftirnar. Um 4m suðvestur af tóft [3220-3] er önnur tóft, í halla mótt norðvestri.



Mynd 4. Kvíatóft [3220-2], horft til ANA.

Lýsing

Um afar ólögulega, einfalda tóft er að ræða, eiginlega djúpa ílanga dæld og erfitt er að átta sig á ytra byrði veggja. Tóftin snýr vestur-austur með opi til vesturs. Hæð veggja er um 50-70cm og breidd um 1,0-1,7m. Á tóftinni vex gras, mosi og lyng.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Laugasels segir: „Þá eru Eiríkstóftir, miklar rústir rétt norðaustur af Eiríkstóftasundi, norðast þar sem það liggur að grófinni. Þar bjó einsetumaður, sem Eiríkur hét, og drukknaði hann við veiðiskap í Eiríkspolli undir Eiríksfoss.“ (bls. 2).

Laugasel 3220-3

Sérheiti: Eiríkstóftir

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á kjarri gróinni flöt eða bakka um 50m austur af Laugagróf og um 2,6km norður af Laugaseli eru Eiríkstóftir. Lækur rennur niður hlíðina rétt suðvestur af tóftunum. Mikil sina er á og við tóftirnar. Um 1m norðvestur af tóft [3220-1] er önnur tóft, sú er í smá halla mótt norðvestri.



Mynd 5. Híbýlatóft [3220-3], horft til norðausturs.

Lýsing

Um þriggja hólfa tóft er að ræða en tóftin er nokkuð ferhyrnd í laginu og liggur austur-vestur. Hún er u.p.b. 12x14m að utanmáli, breidd veggja er á bilinu 60cm til 2,5m og hæð veggja 30-70cm. Tóftin er heilt yfir frekar stórgerð. Nyrðra hólfið er dýpst, það er ílangt (vestur-austur)

og nokkuð reglulegt í laginu en á því er ekkert op. Syðra hólfíð er sjáanleg ílöng dæld (vestur-austur) en ólögulegri og á henni er op til vesturs. Norðvestanvert á tóftinni, beint vestur af norðurhólfinu, gengur tóftin aðeins til vesturs og þar er eins og lítið jafnhliða hólf með opi til vesturs, þetta hólf er meira sokkið en restin af tóftinni. Á tóftinni er gras, mosi og lyng.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Laugasels segir: „Þá eru Eiríkstóftir, miklar rústir rétt norðaustur af Eiríkstóftasundi, norðast þar sem það liggur að grófinni. Þar bjó einsetumaður, sem Eiríkur hét, og drukknaði hann við veiðiskap í Eiríkspolli undir Eiríksfoss.“ (bls. 2).

Laugasel 3220-4

Sérheiti: Eiríkstóftir

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á kjarri gróinni flöt eða bakka um 50m austur af Laugagróf og um 2,6km norður af Laugasel eru Eiríkstóftir. Lækur rennur niður hlíðina rétt suðvestur af tóftunum. Mikil sina er á og við tóftirnar. Um 3m norður af tóft [3220-2] er önnur tóft, á brekkubrún.



Mynd 6. Fjárhústóft [3220-4], horft til NNA.

Lýsing

Tóftin er nokkuð ferhyrnd og um 9x11m að utanmáli. Breidd veggja er um 0,6-1,1m og veggjahæð um 30-50cm. Tóftin er 2-3 hólfar, austasta hólfíð er nokkuð ferhyrnt, ílangt norður-suður með op til suðurs. Þetta hafa verið fjárhús þar sem það mótar fyrir garða eftir miðju. Vestara hólfíð er ögn ólögulegra, nær sporöskjulaga og liggur norður-suður, með opi til suðurs. Þá er smá geil inn í tóftina nyrst á vesturhlíð hennar sem gæti hafa myndað þriðja hólfíð á tóftinni. Norðurveggur tóftarinnar er mjög þykkur, eða riflega 3m. Ekki sást þar dæld en miðað við þykktina hefur annað hvort verið þarna rými eða um mikið hrun að ræða. Það sést í grjót í veggjum á tóftinni. Á tóftinni vex gras, mosi og lyng.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Laugasels segir: „Þá eru Eiríkstóftir, miklar rústir rétt norðaustur af Eiríkstóftasundi, norðast þar sem það liggur að grófinni. Þar bjó einsetumaður, sem Eiríkur hét, og drukknaði hann við veiðiskap í Eiríkspolli undir Eiríksfoss.“ (bls. 2).

Laugasel 3220-5

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Leiðin liggur í norðurendann frá Eiríkstóftum og til suðurs yfir meirihluta svæðisins, sem er mjög gróið grasi, lyngi og á köflum kjarri. Leiðin er í landslaginu þar sem land er farið að halla yfir til vesturs.

Lýsing

Gatan er mæld um 1,7km löng, en var líklega lengri til suðurs þar sem hún hefur án efa legið alla leið á milli Eiríkstófta og Laugasel. Heim að Laugasel eru um 2,5km frá Eiríkstóftum. Mögulegt er að gatan hafi sunnarlega sameinast götu [3220-6]. Gatan var bara mæld upp á vettvangi norðarlega en hún var að miklu leyti teiknuð upp af loftmynd. Gatan er víðast einföld en sums staðar alveg upp í þrefold. Breidd götunnar er mest um 50cm og dýpt um 70cm, en þar hafa vatnsagi og umhverfisþættir haft áhrif á dýpkun götunnar, víðast er hún mun grynnri. Gatan er víða illa farin en þó er hægt að rekja sig eftir henni. Hún er mun ógreinilegri en gata [3220-6].



Mynd 7. Leið [3220-5], horft til SSV.

Laugasel 3220-6

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Um það bil frá Laugagróf til móts við Dýjareitsholt í landi Stafns 1 og suður að Laugasel liggur leið að miklu leyti vestan í brekkum þar sem landið hallar niður að ánni. Svæðið er vaxið mosa, lyngi og kjarri, frekar sléttlent og smáþýft.

Lýsing

Gatan er yfirleitt einföld og einsleit, en hér og þar eru miklar vatnsskemmdir í henni og þá hefur hún kvíslast og nýjar leiðir myndast við hlið hennar. Gatan er illa farin sums staðar og greinilega enn notuð af dýrum og fólki. Gatan er um 1,7km löng. Dýpst er hún um 50cm og breiðust um 50cm, en oft mjórri og víðast grynnri. Líklega hefur gatan verið alfaraleið frá Stafni að Laugafelli, en hún er t.a.m. sýnd á Atlaskorti.

Aðrar upplýsingar

Gatan var mæld upp að mestu á vettvangi nema rétt bláendarnir til norðurs og suðurs, sem teiknaðir voru upp af loftmynd. Gatan sést á Atlaskorti (sjá Landupplýsingagátt).



Mynd 8. Leið [3220-6], horft til SSA.

Laugasel 3220-7

Sérheiti: Kolalág

Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Heimild

Staðhættir

Nokkuð greinileg lág í landslaginu sem liggur sunnan við Eiríkstóftasund, gróin grasi, kjarri og lyngi.

Lýsing

Mikill snjór var í hluta lágarinnar þegar skráningin fór fram en þar sem autt var voru engar vísbendingar um kolagraffir. Orðalag í örnefnaskrá gefur ekki endilega til kynna að grafr hafi sést þegar hún var skrifuð heldur gæti örnefnið Kolalág hafa nægt til þess að menn drægju þá ályktun að þar hafi verið gert til kola (Ö-Laugasel: 2). Dokkin liggur frá vestri til austurs og beygir svo í brekku til norðurs að Eiríkstóftasundi. Aðeins hærri lág er sunnan við sem gæti líka hafa verið hluti af nefndri Kolalág.



Mynd 9. Kolalág [3220-7], horft til norðurs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Laugasels segir: „Hér upp af er Stórholt. Kolalág er út og austur af því. Þar hefur verið gert til kola.“ (bls. 2)

Laugasel 3220-8

Sérheiti: Guðlaugsstekkur

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Nokkur bratti er undan Neðrihjallanum og mjög grýttur. Svo tekur við mólendi sem er nokkuð slétt, dokk og hóll hér og þar, þar til fer að halla niður að ánni. Stekkurinn fannst ekki þrátt fyrir mikla leit. Örlítill möguleiki er að hann sé undir snjóskafli sem var á svæðinu þegar skráningin fór fram, en það er þó mjög ólíklegt þar sem hann er nokkuð innar í klaufinni en það sem gæti talist „nýrst“ líkt og segir í örnefnaskrá. Á mynd 14 má sjá áætlaða staðsetningu stekksins út frá lýsingu í örnefnaskrá.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Lagasels segir: „Nýrzt í klaufinni, neðan við Neðrihjalla, er Guðlaugsstekkur. Það er stekkjarbrot.“ (bls. 2).



Mynd 10. Yfirlit yfir minjar næst bæjarstæði Laugasels. Tún Laugasels, þ.m.t. túngarður, eru utan skráningarsvæðisins.

Laugasel 3220-9

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í þýföri brekku vestur af túni Laugasels eru tvö garðbrot. Svæðið er mjög gróið sinu og kjarri og oft erfitt að greina þúfur frá mögulegum minjum.

Lýsing

Garðbrotin eru tvö en hafa líklega, miðað við afstöðu, tilheyrt sama garðinum. Þau eru óljós á jörðu niðri en greinilegri á loftmynd. Það eystra er um 14m langt og það vestara 28m. Vestara garðlagið nær aðeins út fyrir skráningarsvæðið en virðist ekki ná lengra til vesturs. Garðlögin eru mest um 2m breið en oft mjórri. Þau eru mjög sigin og sokkin og oft ógreinileg, mest um 50cm há. Líklega eru þau hluti af lengra garð lagi sem er að miklu leyti horfið.



Mynd 11. Garðlag [3220-9], horft til austurs.

Laugasel 3220-10

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Skammt sunnan túnsins á Laugaseli, á smá hól, vestan við leiðina heim að bæ [3220-6], er lítil tóft. Hún er grónari grasi en nánasta umhverfi hennar.

Lýsing

Tóftin er lítil og einföld, um 4,5x4m að utanmáli. Mögulega er op til norðurs en tóftin er mjög sigr og gróin og ekki mjög greinileg. Ekkert grjót sést í veggjum. Hugsanlega er ekki um tóft að ræða heldur minjar eftir eitthvert annars konar mannvirki, en ekki endilega hús. Veggjahæð er einungis um 10-30cm og breidd veggja er mest um 1,5m en oft minni.



Mynd 12. Tóft [3220-10], horft til suðurs. Bæjarstæði Laugaselis í baksýn.

Laugasel 3220-11

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Í þýfðum móa á sléttlendi eru nokkrir stórir steinar, við þá er hleðsla. Stórt grjót er hér og hvar í nágrenninu. Lyng og kjarr er áberandi í þýfðu landslaginu.

Lýsing

Hleðsla er við nokkra stóra steina á tveimur stöðum og mynda hleðslurnar og steinarnir að því er virðist mannvirki. Hleðslurnar eru úr frekar lithium steinum og hefur verið bætt við austan og vestan við stóru steinana til að loka rýminu. Mannvirkið myndar næstum hring og afmarkar smá svæði í miðjunni. Hleðslurnar eru mjög yfirgrónar og gamallegar. Hlutverk er óljóst, hugsanlega einhvers konar lítið aðhald. Uppmælningin í landupplýsingagögnunum er af litlu hleðslunum og stóru steinunum saman, þ.e. heildarmannvirkinu.



Mynd 13. Hleðsla [3220-11], horft til vesturs. Hleðsla er fremst á myndinni.

Laugasel 3220-12

Sérheiti: Hánefsstaðir

Hlutverk: Býli


Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Hánefsstaðir fundust ekki þrátt fyrir mikla leit vestan Arnarhóls og á svæðinu við Ljúflingstjarnarlæk. Í örnefnaskrá segir að tóftin af Hánefsstöðum sé „meiri“ en tóftir á Eiríkstóftum. Verður að draga það mjög í efa fyrst tóftin fannst ekki þrátt fyrir víðtæka leit. Minjarnar á Eiríkstóftum eru mjög greinilegar og nær ómögulegt er að tóft af þeirri gerð hefði farið framhjá skrásetjurum á vettvangi. Svæðið er mjög stórbýft og gróið lyngi og ef minjarnar eru mjög gamlar, eins og líklegt er, eru allar líkur á að þær séu hreinlega horfnar í jarðveginn og gróðurinn, búnar að samlagast honum algerlega.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Nyrzt á þeim [Hæðum] er hóll, sem heitir Arnarhóll. Aðeins vestur af honum er gamalt býli, sem nefnt er af sumum Hánefsstaðir“ og „Vestur úr Ljúflingstjarnarsundi er Ljúflingstjarnarlækur. Rann hann rétt hjá efri rústunum, og hefur verið þar bæjarlækur. Þessi lækur rennur í Ljúflingstjörn, en hún er vestur af Arnarhóli“ (Ö-Laugasel: 3). Einnig segir: „Þess má geta hér, að tóftin af Hánefsstöðum við Arnarhól er meiri en við Eiríkstóftir“ (Ö-Laugasel: 4)



Mynd 14. Áætlaðar staðsetningar Hánefsstaða [3220-12] og Guðlaugsstekks [3220-8] út frá lýsingum í örnefnaskrá.

Laugasel 3220-13

Hlutverk: Kennimark, dys

Tegund: Hleðsla, náttúrulegt

Staðhættir

Á Arnarhól, á kletti á gróðursnauðum melhól er hleðsla.

Lýsing

Hleðslan er ílöng, liggur norður-suður og er gróin grasi og mosa. Hleðslan er um 3m löng og 60-90cm breið en hún mjókkar og lækkar til norðurs. Hugsanlega er um náttúrumyndun að ræða en líklega er þetta varða eða dys.



Mynd 15. Varða/dys [3220-13], horft til norðurs.

Heimildaskrá

JÁP: Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1980). *Jarðabók*. XI. bindi Þingeyjarsýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Landmælingar Íslands. (e.d.). *Landupplýsingagátt*. <https://kort.gis.is/mapview/?app=kort>

Morgunblaðið. (1. desember 1985). <https://timarit.is/page/1623639>

Ragnar Árnason. (2006). *Eyðinýbýli á Fljóts- og Mývatnsheiðum*. https://issuu.com/heradsskjalasafnthingeyinga/docs/ey_in_b_li_-final2021_33e7910da317cf/281

Þjóðskjalasafn Íslands. (e.d.). *Manntöl*. <https://www.manntal.is/>

Ö-Laugasel: Örnefnaskrá Laugasels. Ari Gíslason skráði. Sótt af: <https://xn--nafni-mta.is/ornefaskra/20319>

Heimildamenn

Snorri Kristjánsson, 22. maí og 23. október 2024.

Fylgiskjal

Jörð	minj_id	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	x	y
Laugasel	3220-1	Eiríkstóftir	Sel	Tóft	1500	1900	Vel greinanlegar	Engin hætta	578008	569286
Laugasel	3220-2	Eiríkstóftir	Kvíar	Tóft	1500	1900	Vel greinanlegar	Engin hætta	577984	569285
Laugasel	3220-3	Eiríkstóftir	Híbýli	Tóft	1500	1900	Vel greinanlegar	Engin hætta	577997	569292
Laugasel	3220-4	Eiríkstóftir	Fjárhús	Tóft	1500	1900	Vel greinanlegar	Engin hætta	577982	569294
Laugasel	3220-5		Leið	Gata	800	1900	Greinanlegar	Engin hætta	578140	568481
Laugasel	3220-6		Leið	Gata	800	1900	Vel greinanlegar	Engin hætta	577788	568233
Laugasel	3220-7	Kolalág	Kolagröf	Heimild	800	1900	Sést ekki	Engin hætta	578088	568216
Laugasel	3220-8	Guðlaugsstekkur	Stekkur	Heimild			Sést ekki	Engin hætta	NA	NA
Laugasel	3220-9		Óþekkt	Garðlag	1700	1900	Illgreinanlegar	Engin hætta	577885	566766
Laugasel	3220-10		Óþekkt	Tóft	1700	1900	Greinanlegar	Engin hætta	578047	566807
Laugasel	3220-11		Óþekkt	Hleðsla	800	1900	Greinanlegar	Engin hætta	578402	568147
Laugasel	3220-12	Hánefsstaðir	Bærjarstæði	Heimild	800	1500	Sést ekki	Engin hætta	NA	NA
Laugasel	3220-13		Kennimark, dys	Hleðsla, náttúrulegt	800	1900	Greinanlegar	Hætta vegna rofs	578706	568052